

Snæfellsbær
Valgerður Hlín Kristmannsdóttir
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 3. nóvember 2021
UST202110-140/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Snæfellsbær - iðnaðarsvæði á Rifi. Umsögn

Vísað er til erindis Snæfellsbæjar dags. 14. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða þrjár lóðir þar sem m.a. er gert ráð fyrir að setja upp steypustöð. Lóðirnar eru á skilgreindu iðnaðarsvæði sem talið er hrjóstrugt og hafi ekki mikið verndargildi. Sett eru skilyrði um góða umgengni og að sérstaklega verði gætt að því að skerða ekki útsýni til Ingjaldshólskirkju.

Umhverfisstofnun telur jákætt að sett hafi verið skilyrði varðandi byggingar og rekstur á þessum lóðum. Umhverfisstofnun spyr hvort ekki hafi verið auðveldara að tryggja óskert útsýni til kirkjunnar með því að koma að minnsta kosti þeim rekstri sem er hvað sýnilegastur þ.e. steypustöð í einhverri þeirra grjótnáma sem eru á svæðinu og komið þannig mannvirkjum í betra skjól? Þannig ætti að vera unnt að draga úr þörf fyrir manir sem stundum geta sjálfar orðið nokkuð áberandi ekki síður en mannvirkin sem þeim er ætlað að fela.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

A. Benediktsson
Axel Benediktsson
Sérfræðingur